

30. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn mánudaginn 15. júní kl. 15:00.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, og Bogi Nils Bogason og Þórir Garðarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi), Svanhildur Hólm Valsdóttir aðstoðarmaður fjármála- og efnahagsráðherra og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra voru fjarverandi. Ingibjörg Ólafsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Aldís Hafsteinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga voru fjarverandi.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram til samþykktar og verður birt á vefsíðu ANR.

2. Staða og horfur í ferðaþjónustu (ferðamálaráðherra).

Ferðamálaráðherra gerði grein fyrir stöðu frumvarpa sem til meðferðar eru á Alþingi, m.a. frumvarpi til laga um Ferðaábyrgðasjóð sem er tilkomið vegna endurgreiðsluskyldu skv. lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Jafnframt rætt um Ferðatryggingasjóð sem yrði byggður upp til framtíðar og verður á þingmálaskrá haustsins. Þá gerði ráðherra grein fyrir öðrum málum sem væru að komast til framkvæmda og rætt um greiðsluskjól og fjárhagslega endurskipulagningu ferðaþjónustufyrirtækja.

3. Opnun landsins (framkvæmdastjóri SAF).

Rætt um þau vandkvæði sem núgildandi skilyrði fyrir komu til landsins valda greininni og óskað eftir meiri fyrirsjáanleika.

4. Önnur mál.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:00.